

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Frá 3. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Umsögn þessi er veitt samkvæmt beiðni frá fjárlaganefnd um að umhverfis- og samgöngunefnd veitti umsögn um þau málefnasvið er varða nefndina.

Skv. 6. gr. laga um opinber fjármál er gagnsæi eitt af fimm grunngildum þeirra. Því kemur á óvart að í fjármálaáætlun er ekki hægt að sjá hvernig fjármagni er ætlað að skiptast milli einstakra málaflokka heldur er einungis um að ræða samtölu hvers málefnasviðs. Undirrituðum er því nokkur vandi á höndum þar sem áður nefnt lögbundið gagnsæi skortir greinilega.

Hér á eftir fara ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara í þeim málefnasviðum sem undir umhverfis- og samgöngunefnd heyrar. Af fyrrgreindum ástæðum verður ekki farið djúpt í öll möguleg efnisatriði, heldur skal einungis tæpt á því helsta.

Málefnasvið 8 Sveitarfélög og byggðamál.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir á bls. 168: „Ein stærsta áskorun málefnasviðsins er þróun sjálfbærra byggðalaga í landinu. Fjölmargt hefur áhrif þar á s.s. þróun samgangna og fjarskipta, orkumál, þróun atvinnugreina, opinber þjónusta, mannfjöldapróun í landshlutum, þar með talið framboð og menntun starfsfólks. Í því skyni er mótuð byggðaáætlun og starfræktar sóknaráætlanir landshlutanna. Til að takast á við þetta er unnið að ýmsu á bæði sviði sveitarstjórnarmála og byggðamála.“

Hér skortir, eins og í flestum öðrum málefnasviðum, nákvæmari útfærslur. Eitthvað er minnst á fyrirhugaðar aðgerðir og áætlanagerð en sjaldnast minnst á tímasetningar eða fjárhæðir. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa árum saman bent á nauðsyn þess að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna með einhverjum ráðum. Ljóst er að útgjöld þeirra eru ekki í samræmi við tekjur. Í því sambandi má nefna þungar byrðar á borð við þjónustu við fatlaða og aldrada, fráveitumál (sérstaklega í Mývatnssveit) o.s.frv.

Ekkert er fjallað um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum eða hlutdeild sveitarfélaga í gistináttagjaldi og/eda virðisaukaskatti, þótt ljóst sé að útgjöld sveitarfélaga vegna ágangs ferðamanna séu umtalsverð.

Tryggja verður að fjármagn til sóknaráætlana landshluta verði tryggt til langframa en svo virðist ekki vera samkvæmt tillögunni.

Málefnasvið 11 Samgöngu- og fjarskiptamál.

Ljóst er að þörf er á stóratáki í samgöngumálum hér á landi, jafnt í lofti, á láði og legi. Sem dæmi má nefna að 10–12 milljarða kr. vantar til að ráða bót á uppsafnaðri viðhaldsþörf vegakerfisins. Það væri til að æra óstöðugan að tíunda hér allar þær brýnu nýframkvæmdir sem fyrir liggur að þörf er á í vegagerð hér á landi.

Hafnaframkvæmdir hafa verið vanræktar árum saman og þær þarf að bæta víða um land, ekki hvað síst með rafmagnstengingum fyrir allar stærðir og gerðir skipa svo að þau þurfi ekki að brenna olíu, bundin við bryggju, með tilheyrandi mengun.

Eðlilegt væri að flugsamgöngur innanlands yrðu skilgreindar sem hluti af almenningssamgöngum og nytu fjárstuðnings í samræmi við það. Í því samhengi mætti skoða hina svokölluðu skosku leið við niðurgreiðslu flugfargjalda fyrir heimafólk.

Samgöngustofa býr við fjársveldi og mun að óbreyttu þurfa að hætta skráningu ökutækja um mitt næsta ár. Úr þeim vanda mætti bæta með því að leyfa stofnuninni að njóta stærri hluta markaðra tekna en nú er gert.

Átaksverkefnið *Ísland ljóstengt* mun að öllu óbreyttu klárast árið 2022. Þar þyrfti að auka við fjárveitingar svo að hægt sé að ljúka því verkefni fyrr, enda er öflug nettenging ekki bara forsenda framfara heldur líka forsenda byggðar í landinu.

Málefnasvið 17 Umhverfismál.

Í fjármálaáætlun segir á bls. 240:

„Segja má að helstu áskoranir innan málefnasviðsins séu þrjár. Í fyrsta lagi að finna leiðir til að bregðast við þeim skuldbindingum í loftslagsmálum sem Ísland hefur undirgengist með Parísarsamkomulaginu. Í öðru lagi að tryggja sjálfbæra nýtingu lands, endurheimt vistkerfis og vernd náttúrunnar, meðal annars samfara auknu álagi vegna verulegrar fjölgunar ferðamanna er sækja landið heim. Í þriðja lagi að finna leiðir til að tryggja ásættanlegt vöktunar- og varnarstig vegna náttúruvár, en hætta á mann- og eignatjóni hefur vaxið umtalsvert bæði vegna aukins ferðamannastraums um áhættusvæði árið um kring vegna áhrifa loftslagsbreytinga á veðurfar og aukinnar skjálftavirkni í megineldstöðvum.“

Hér skortir, að hluta til, líkt og í öðrum málefnasviðum, nánari útfærslur, upplýsingar um ráðstöfun fjármagns og nákvæmari tímasetningar.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af umhverfismálum á Íslandi, ekki hvað síst loftslagsmálum. Skýrsla sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gefið út dregur upp dökka mynd af ástandinu og ekki hægt að sjá að fyrirbyggjandi fjármálaáætlun geri ráð fyrir því grettistaki sem verður að lyfta í þeim málaflökki.

Auðvelt væri að draga úr losun koltvísýrings með beinum aðgerðum. Skógarbændur gætu auðveldlega plantað miklu fleiri plöntum út en nú er gert, en til gamans má nefna að núna er einungis gróðursett í eitt þúsund hektara lands á ári en fyrir efnahagshrun var gróðursett í tvö þúsund hektara á ári. Núverandi sveltistefna í skógrækt hefur gert það að verkum að flestar skógræktarstöðvar á landinu glíma við afar bágan fjárhag.

Metnaðarfullri markmið skortir varðandi rafhleðslustöðvar fyrir bifreiðar. Samkvæmt orkuskiptaáætlun er gert ráð fyrir rúmlega 200 millj. kr. til verksins á næstu þremur árum. Þá upphæð þyrfti að tvöfalda eða þrefalda, hið minnsta, til að flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum. Styðja þarf einnig við aðrar tegundir af umhverfisvænu eldsneyti á borð við vetni, metan, metanól og lífdísil.

Í fjármálaáætlun er hvergi minnst á fráveitumál sem er mjög bagalegt. Fjárfrekar framkvæmdir eru nauðsynlegar í þeim málum í Mývatnssveit ef koma á í veg fyrir umhverfisslys. Auk þess má benda á að seyra er vannýtt auðlind en hennar er hvergi getið í fjármálaáætlun. Úr henni mætti vinna nægilega mikið magn af áburði til að komast með öllu hjá innflutningi á tilbúnum áburði.

Alþingi, 4. maí 2017.

Einar Brynjólfsson.